

Nd.

#### **448. Breytingartillögur**

við breytingartillögur á þingskj. 422, 387 og 423 [Sauðfjárbaðanir].

Flutningsm.: Pjetur Þórðarson.

I. Við brtt. á þskj. 422.

1. Við 2. Liðurinn orðist svo: 6. gr. orðist svo:

Nú hefir sauðfjárnýbóðun einhversstaðar ekki farið fram eftir ákvæðum 2. og 3. greinar, og er um að kenna hirðuleysi eða mótþróa fjáreiganda, og skal þá eftirlitsmaður tilkynna það hlutaðeigandi hreppstjóra í sveit, en lögreglustjóra í kaupstað, sem þá skal tafarlaust sjá um, að bóðun verði framkvæmd á kostnað fjáreiganda. Kostnaðinn má taka lögtaki.

II. Við brtt. á þskj. 387.

Við 2. Liðurinn orðist svo: 7. gr. orðist svo:

Nú verður vart fjárkláða, og er þá hlutaðeigandi hreppstjóra í sveit, en

lögreglustjóra í kaupstað, þegar í stað skylt að gera sjerstakar ráðstafanir til að útrýma kláðanum.

Ef samtímis eru mikil brögð að fjárkláða á samhliða mörkum sveita eða sýslna, þar sem fje gengur saman, getur atvinnumálaráðherra hlutast til um sameiginlegar ráðstafanir til útrýmingar kláðanum á þeim sviðum.

III. Við brtt. á þskj. 423.

1. Við 1. A. Liðurinn orðist svo: 8. gr. orðist svo:

Nú sýna skýrslur, að fjárkláði breiðist út, þannig, að þeim hreppum fjölgar, sem kláða verður vart í, og er atvinnumálaráðherra þá heimilt, þó ekki fyr en í árslok 1931, að láta fram fara um land alt böðun á sauðfje til útrýmingar fjárkláða, enda sje það ákveðið í samráði við Búnaðarfelag Íslands. Þegar slík ákvörðun er tekin, setur ráðherra reglugerð um framkvæmd útrýmingarböðunar, þar á meðal hver baðlyf skuli nota, og ákveður sektir fyrir brot á ákvæðum reglugerðarinnar.

B. Á eftir liðnum komi nýr liður og orðist svo:

Við 9. gr. Í staðinn fyrir »Hreppstjóri og lögreglustjóri« í upphafi greinarinnar komi: Í sveitum hreppstjórar og í bæjum lögreglustjórar.

2. Við 2. A. Fyrri málsgrein orðist svo:

Andvirði baðlyfja, eins og þau kosta á næsta verslunarstað, sem notuð eru til endurböðunar samkvæmt 7. gr., og kostnaður við eftirlit með endurböðun, greiðist úr rikissjóði.

B. Á eftir liðnum komi 2 nýir liðir og orðist svo:

1. Við 11. gr. Í stað »hlutaðeigandi hreppstjóra eða lögreglustjóra« komi: í sveitum hlutaðeigandi hreppstjóra, en í bæjum lögreglustjóra.

2. Við fyrirsögn frumvarpsins. Fyrirsögnin orðist svo:

Frumvarp til laga um sauðfjárbaðanir og útrýming fjárkláða.